

Misnotkun staðreynda?

Áfengi og önnur vímuefni í fjölmiðlum



Nordens
välfärdscenter

E-SIGARETTER



95 PROSENT MINDRE



SKADELIG ENN

RØYK

Sambandið milli fréttar og fræðar

Oft verður togstreita á milli fjölmiðlamanna og fræðimanna. Þessar tvær stéttir hafa í meginatriðum sama verkefni, að komast að staðreyndum og miðla þeim áfram, en vinnuaðferðir þeirra eru ólíkar. Fréttamenn leitast við að upplýsa og útskýra á einfaldan hátt þannig að hlutir hafi skýrt fréttagildi og mjög oft hafa þeir takmarkaðan tíma til að skila af sér frétt. Markmið rannsókna er hins vegar að skapa þekkingu sem byggist á staðreyndum en ekki endilega að gefa stutt og hnitmiðuð svör. Ef viðfangsefnið er umdeilt og vekur upp sterkar tilfinningar, eins og áfengi og önnur vímuefni, er meiri hættar á misskilningi.

Markmið þessa rits er að stuðla að betri og blæbrigðaríkari umfjöllun um áfengi og önnur vímuefni í fjölmiðlum sem byggir á staðreyndum. Ritið er fyrst og fremst ætlað þeim sem eru að hefja starfsferil sinn, þ.e. nemendum í blaða- og fréttamennsku, nýjum fræðimönnum og þeim sem hyggjast starfa eða starfa við

að miðla vísindum til almennings, en einnig öðrum sem starfa að vímuefnamálum, svo sem embættismönnum og heilbrigðisyfirvöldum.

Fjölmiðlafólk og fræðimenn verða að vinna saman. Fræðimenn hafa flestir hag af því að fá umfjöllun um rannsóknir sínar í fjölmiðlum og

DU KAN ALDRIG

VIDE,



**HVOR LÆNGE DU
HAR HASH I BLODET**



fjölmiðlamenn þurfa að finna rétta sérfræðinga til þess að fá traustan grunn fyrir umfjöllun sína. Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki milliliðar sem gerir rannsóknir aðgengilegar og skiljanlegar almenningi.

Langflestir fréttá- og fræðimenn standa sig vel, en því miður koma fyrir skekkjur í umfjöllun um vímuefnamál í fjölmiðlum. Mikið er um mótsagnakenndar upplýsingar og árekstra milli mismunandi hagsmunaaðila, heilbrigðisyfirvalda og áfengisiðnaðarins. Í hinum fullkomna heimi hefði fréttamaður sem fjallar um áfengi og önnur vímuefni meðal annars þekkingu á læknisfræði, félagsvísindum og afbrotufræði.

Einn vandinn við fjölmiðlaumhverfi nútímans er að fæstir fréttamenn

eiga þess kost að sérhæfa sig á einstökum sviðum. Í dag er lítið um sérhæfða fréttamenn. Vinnudagur fréttamanna snýst í grunninn um að kynna sér nýtt efni á hverjum degi. Það er gert undir tímapressu og því er aukin hætta á misskilningi og rangtúlkunum. Hér er á ábyrgð fræðimanna að koma niðurstöðum rannsókna sinna og tengdri þekkingu á framfæri á skýran og skilmerkilegan hátt.

Með betri skilningi og aukinni gagnkvæmri virðingu aukast líkurnar á því að fréttáflutningurinn verði trúverðugur og réttur. Vísindamenn gætu þurft á fjölmiðlaþjálfun að halda og fjölmiðlafólk á betri innsýn í rannsóknir. Við vonumst til þess að þetta rit komi að notum á þessari vegferð.

Farið var með málstofu Norrænu velferðarstofnunarinnar, „Misnotkun staðreynda? Áfengi og önnur vímuefni fjölmiðlum“ um Norðurlöndin árin 2015-2016. Markmiðið var að fá fremstu sérfræðinga Norðurlandanna til að ræða um hvernig fjölmiðlar fjalla um vímuefnamál og hvernig fjölmiðlamenn, fræðimenn og aðrir sérfræðingar geta bætt samskiptin sín á milli. Rit þetta er byggt á umræðum úr fyrirlestraröðinni og er unnið í samvinnu við norrænan vinnuhóp. Við þökkum öllum sem lagt hafa sitt af mörkum og miðlað þekkingu sinni!

ÁFENGI

ER GOTT



FYRIR KÓLESTERÓLIÐ

Breytt hlutverk

Í fræðasamfélaginu er mikið rætt um mikilvægi þess að tala saman. Hið svokallaða „þriðja verkefni“ fræðimanna er að miðla rannsóknarniðurstöðum og þekkingu bæði innan og utan fræðaheimsins. Einnig fylgja mörgum rannsóknarstyrkjum skilyrði um að rannsakandinn komi niðurstöðum sínum á framfæri við almenning. Þannig verður sífellt mikilvægara fyrir fræðimenn að geta komið niðurstöðum á framfæri á auðskiljanlegan hátt og að gera þær sem aðgengilegastar.

Þá hefur aðkoma fræðimanna að fjölmiðlum einnig tekið nokkrum breytingum. Áður var höfuðáhersla lögð á að greina frá frétt næmum staðreyndum en í dag fer sífellt meiri vinna í að túlka og greina fréttæfni. Fræðimenn tjáðu sig áður fyrst og fremst um eigin rannsóknir en eru í dag oft fengnir til að túlka og setja

ýmis samfélagsleg atriði í samhengi eða meta pólitískar ákvarðanir. Þetta hefur leitt til þess að fjölmiðlar sækja meira í suma fræðimenn en aðra. Áður voru það helst raunvísindamenn sem komu fram í fjölmiðlum. Í dag er oftast rætt við fræðimenn sem starfa innan hugvísinda eða félagsvísinda.

Fjölmiðlaumhverfið hefur á undanfórnum áratugum tekið miklum breytingum vegna tækniþróunar, nýrra samskiptaleiða og versnandi fjárhagsstöðu, meðal annars vegna minnkandi auglýsingatekna. Leitin að lesendum hefur skapað „smelliblaðamennsku“ þar sem hver smellur og hver deiling á netinu getur skipt sköpum fyrir auglýsingatekjur.

Þrátt fyrir þessar breytingar lítur almenningur enn á blaðamennsku og hefðbundna fjölmiðla sem einn mikilvægasta staðinn til að sækja sér upplýsingar. Fjölmiðlar njóta mikils traust og hafa mikil áhrif á það hvernig umræðan þróast, ekki síst í tengslum við rannsóknarniðurstöður.

Þeir sem starfa við að skrifa og fjalla opinberlega um vísindi gegna einnig mikilvægu hlutverki sem tengiliðir milli fjölmiðla og vísindamanna. Þegar samstarfið gengur vel geta þeir komið að miklu gagni við að hjálpa fræðimönnum að koma niðurstöðum sínum til skila á réttan hátt í fjölmiðlum.

Falskt jafnvægi

Fjölmiðlar bera ábyrgð á að gæta jafnvægis og sanngirni í umfjöllun. Ein algengasta gildran er svokallað falskt jafnvægi, þegar skoðanir og vísindalegar staðreyndir fá sama vægi í umfjöllun.

Hlutlægur frétttaflutningur er grunnurinn að góðri umfjöllun. Jafnvægi í umfjöllun þýðir ekki endilega að allir aðilar fái jafn mikið vægi. Blaðamenn verða til dæmis að gæta þess að gefa ekki þá skökku mynd að tvö sjónarmið hafi jafnt vægi þegar vísindalegar niðurstöður sýna að staðreyndirnar vega þyngra fyrir annað þeirra. Það er mikilvægt að gera greinarmun á staðreyndum og skoðunum. Fræðimenn geta að sjálfsögðu einnig haft skoðanir, en þá verða þeir að láta koma skýrt fram hvenær um rannsóknarniðurstöður eða sérfræðiálit er að ræða og hvenær þeir eru að láta persónulegar skoðanir í ljós. Fjölmiðlafólki ber skylda til að gera neytandanum skýra grein fyrir því frá hvaða sjónarhorni viðmælandinn talar, til dæmis hvort hann tjái sig um staðreyndir eða sem sölumaður.

Fjölmiðlafólk er gott í að gagnrýna og finna rök með og á móti hinum ýmsu málefnum. Til að forðast falskt jafnvægi má sleppa því að hafa mótvægi í umfjöllun, svo sem ef annað sjónarmiðið er mjög á jaðrinum. Frá sjónarhorni lesandans geta ítarleg þýðisrannsókn og skoðanir örfárra einstaklinga sem valdir eru af handahófi auðveldlega vegið jafnpungt ef þeim er stillt upp hlið við hlið í umfjöllun.

Frétta- og blaðamenn ættu einnig að gæta þess hvaða rannsóknir þeir kjósa að draga fram. Fréttaflutningur af rannsóknum getur orðið verulega brenglaður ef rannsóknir sem birta niðurstöður mörgum sinnum á ári fá ekki eins mikla umfjöllun og minni og jafnvel óvandaðri kannanir sem skarpa krassandi fyrirsgnir.

Fyrirframmótaðar hugmyndir

Blaðamenn og fræðimenn gera sér iðulega ýmiss konar fyrirframmótaðar hugmyndir hvorir um aðra. Að mati margra fræðimanna er vandamálið að rannsóknarniðurstöður eru einfaldaðar og blaðamenn eiga fyrir sitt leyti í erfiðleikum með að túlka gæði niðurstaðanna. Sumir fræðimenn vilja því ekki koma í viðtöl


af ótta við að skilaboð þeirra verði rangtúlkuð. Öðrum finnst hugsanlega að nærvera þeirra í viðtali sé nánast táknræn því að frásögnin hafi þegar verið ákveðin. Fræðimenn vilja einnig njóta skilnings á því að þeir geta ekki tjáð sig um allt sem fellur undir þeirra fræðisvið.

Hins vegar kunna blaðamenn að líta svo á að fræðimenn skilji ekki kröfuna um fréttagildi og knappan tímaramma. Margir þeirra vildu gjarnan að fræðimenn væru betri í að koma niðurstöðum sínum á framfæri á auðskiljanlegri hátt og að þeir gætu aðskilið það sem skiptir máli fyrir almenning og það sem er ætlað sérfræðingum.

Bæði fjölmiðlafólk og fræðimenn hagnast á því að ræða opinskátt saman áður en viðtal er tekið: Hvert er umræðuefnið? Við hvaða aðstæður verður viðtalið tekið? Í hvaða hlutverki er sérfræðingurinn sem viðmælandi? Fræðimaðurinn hefur rétt á að vita á hvaða hátt vitnað verður í hann sem heimild til að geta tekið ákvörðun um hvort hann fari í viðtalið.

ÁFENGI

ER HOLLARA EN



HREYFING

Ef fræðimaðurinn hefur aðgang að almannatengli borgar sig að fá ráðgjöf frá honum fyrirfram. Til dæmis gæti hann fengið ráð um hvernig hann getur best komið boðskap sínum á framfæri á einfaldan hátt án þess að hann þjagist. Með öðrum orðum að gera niðurstöðurnar aðgengilegri.

Ef fræðimenn hafna viðtölum opnast leiðin fyrir léttvægari raddir. Sérfræðihlutverkið í samfélaginu breytist. Samfélagsmiðlar hafa fjölgað sjálfskipuðum sérfræðingum sem einnig gegnsýra hefðbundna fjölmiðla að nokkru leyti. Áður var gerð krafa um formlega hæfni viðmælanda en í dag getur nánast hver sem er talist sérfræðingur í augum almenningi, til dæmis vegna reynslu eða

starfssviðs. Það þarf ekki endilega að vera slæmt en fjölmiðlafólk verður að gera skýran greinarmun á milli staðreynda og skoðana.

Háskólasamfélagið hvetur fræðimenn til að vera virkari í samfélaginu. Samtímis finnst sumum fræðimönnum sem kollegar sínir taki sig ekki alvarlega ef þeir verða reglulegir gestir í fjölmiðlum. Á sviði fræðiblaðamennsku á markmiðið að vera að skapa opna umræðu. Fræðimenn mega ekki einangra sig af ótta við að fá gagnrýni eða verða misskildir af kollegum sínum.



E-SIGARETTER

KAN GI DEG



DATAVIRUS

Hugtök

– mikilvægur hluti af samskiptum

„Fíklar, eiturfjandeytendur, dópistar, alkóhólistar, heimilislausir, rónar, alkar.“ Þetta eru nokkur hugtök sem eru notuð í fjölmiðlum og almennri umræðu um einstaklinga sem glíma við vímuefnavanda. Val á orðum kann að virðast léttvægt atriði og fyrir fjölmiðlafólk kann að vera sjálfsagt að velja það orð sem flestir skilja á sama hátt. En hver eru raunveruleg áhrif orðanotkunar á það hvernig fyrir fram mótaðar staðalímyndir eru vaktar upp hjá lesendum og áhorfendum?

Í fjölmiðlum eru gerðar miklar kröfur um að fyrirsgagnir og umfjöllun vekji athygli og laði að sér lesendur á sama tíma og líttill tími er fyrir rannsóknar- og bakgrunnsvinnu. Í þessu krefjandi vinnuumhverfi er sérstaklega mikilvægt að blaðamenn hafi í huga að orðaval og blæbrigði textans hafa veruleg áhrif á það hvernig við hugsum

um fyrirbæri eins og áfengi, önnur vímuefni og misnotkun. Blaðamenn hafa mikil áhrif á það hvaða tón við notum þegar við ræðum um málefni sem tengjast misnotkun.

Eitt dæmi er val á orðum yfir vímuefni. „Áfengi og vímuefni“ er hefðbundið orðaval en í dag verður æ algengara

að fagfólk noti orðin „áfengi og önnur vímuefni“ þar sem áfengi er ávana-bindandi efni sem einnig má flokka sem ávana- og fíkniefni. Ef seinna hugtakið verður algengara getur það haft áhrif á það hvernig almenningur hugsar um áfengi.

Heildarmyndin af áfengismálum gæti orðið skýrari með aukinni þátttöku fræðimanna í opinberri umræðu. Samstarf milli fræðimanna og fjölmiðlafólks hjálpar okkur að fá víðara sjónarhorn á málefnið og skýra hið flókna samband áfengis, annarra vímuefna og samfélagsins.

Misnotkun – einkenni fremur en greining

Að lýsa misnotkun vímuefna sem einangruðu fyrirbæri er að mörgu leyti vandkvæðum bundið. Mikil tengsl eru á milli misnotkunar og félagslegs ójöfnuðar; við vitum vel að hætta á því að komast í snertingu við vímuefnamisnotkun (annarra eða eigin) er mjög mismunandi milli mismunandi þjóðfélagshópa og félagslegra aðstæðna, til dæmis eftir atvinnu,

búsetu og menntun. Þegar fjallað er um efni tengt misnotkun og fólk sem glímur við vímuefnavanda er þess vegna mikilvægt að fjalla um hættuna á að lenda í misnotkun í mismunandi aðstæðum. Til að forðast að skrifa texta sem endurspeglar fyrirframgefna forsendur um misnotkun vímuefna er mikilvægt að setja efnið í samhengi við ójöfn lífskjör og mismunandi aðstæður.

Sem dæmi um þetta er mikilvægt að í grein um vímuefnanotkun og misnotkun sem skrifuð er út frá sjónarhorni notandans sé dregið fram í hvers kyns umhverfi og aðstæðum neyslan fer fram. Þeir sem eru í erfiðum félagslegum aðstæðum, til dæmis heimilislausir eða þeir sem hafa verið atvinnulausir lengi, eru í meiri hættu á að lenda í misnotkun og aðstæður þeirra til að brjótast undan fíkninni eru ekki sambærilegar við þá sem hafa sterkari félagslega stöðu og stuðningsnet í formi fjölskyldu, atvinnu og vina. Skrif um misnotkun vímuefna sem vandamál sem hefur aðeins með einstaklinga og val þeirra

ÄLYKKÄÄT

KÄYTTÄVÄT ALKOHOLIA



ENEMMÄN KUIN

TYHMÄT



að gera gefur misvísandi og ósann-
gjarna mynd af tengslunum milli
áhættu, vals, misnotkunar og mögu-
leikans á að brjótast undan misnot-
kun.

„Spritrally“ og áfengisskandalar

Auk þess að búa til og viðhalda for-
dómum gagnvart ákveðnum hópum
og aðstæðum eiga hugtökin sem við
notum þátt í því hvernig við túlkum og
tengjumst áfengisumræðu og áfengi
almennt. Sænsku orðin „ölresa“ (bjór-
ferð), „spritmöte“ (áfengishittingur),
„nätsprit“ (áfengiskaup á netinu),
„spritrally“ (ferðir til að kaupa áfengi
í öðrum löndum) og „alkoholskandal“
(áfengisskandall) eru dæmi um orð
sem notuð eru í umræðu um áfengis-
stefnu, áfengissölu og drykkjuvenjur.
Hér hefur orðanotkun áhrif á tóninn í

umfjölluninni. Hið sama á við orðaval
í umræðu um þessi efni á íslensku.

Sem dæmi má nefna orðið „spritrally“, í bókstaflegri merkingu „áfeng-
giskapphaup“ eða „áfengismót“
á íslensku, sem vekur upp mynd af
skemmtun sem allir taka þátt í og þar
sem hefðbundnar reglur um áfen-
gissölu gilda ekki. Orðið eitt og sér
vísar í Svíþjóð til tíðra ferða til annars
lands til að kaupa áfengi. En í sam-
hengi hinnar takmarkandi norrænu
áfengisstefnu getur orðið fengið flók-
nari merkingu og vísað til eins konar
lögleysu og þess að brjótast undan
reglum um áfengissölu. Það getur
svo aftur höfðað til þeirra sem vilja
frjálsari áfengissölu en getur einnig
ógnað þeim sem sjá vandamál tengd
auknu framboði á áfengi í eigin landi.

Áfengisdrykkja – er það normið?

Í verulegum hluta af fjölmiðlum og opinberri umræðu er áfengisneysla frekar viðtekin venja en það að drekka ekki. Framsetning og tónn í umfjöllun sem snertir áfengi er að þessu leyti töluvert ólíkur þeim sem ríkir í umfjöllun um tóbak, sem einnig er löglegt og ávanabindandi efni. Tóbaksreykingar eru í dag ekki jafn samfélagslega viðurkenndar og þær voru fyrir nokkrum áratugum en áfengisneysla er ennþá viðtekin venja.

Fjölmiðlar setja sjaldan spurningamerki við áfengi sem hluta af ýmsum félagslegum aðstæðum. Gagnrýni sem sett er fram skiptist að miklu leyti í andstæðar fylkingar, annaðhvort eindregið með eða á móti frjálshyndari áfengisstefnu. Í umræðunni koma oft fram rök sem gera áfengisneyslu að eðlilegri hegðun, til dæmis með því að leggja áherslu á muninn milli „hóflegrar áfengisdrykkju“ og „þeirra sem eiga við vandamál að stríða“.

Áfengi veldur að sjálfsögðu meiri skaða þeim sem nota það í miklum mæli, en í umfjöllun fjölmiðla er sjaldan lögð áhersla á að meirihluti heilsufarsvandamála sem tengjast áfengi leggst á „hófsama áfengisnotendur“, þ.e.a.s. meðalnotandann. Einföldun sem þessi leiðir til þess að litið er á „okkur“ og „hina“ sem andstæða póla þar sem erfiðleikar og heilsufarsvandamál tengd áfengisnotkun eru aðallega bundin við lítinn hóp notenda í áhættuhópi og þá sem eiga við vandamál að stríða. Þetta stuðlar að því að skapa fyrirfram mótuð viðhorf gagnvart áfengi.



SMERTESTILLENDE


PILLER



ÅBNER DØREN TIL ET
HEROINMISBRUG


Fræðimenn og blaðamenn skiptast á ábendingum

Hér eru nokkrar ábendingar og óskir fræðimanna til blaðamanna og öfugt. Ábendingunum er ætlað að vekja til umhugsunar og veita innblástur til að bæta samskiptin á milli stéttanna.

ÁBENDINGAR BLAÐAMANNA TIL FRÆÐIMANNA

Um sýnileika í fjölmiðlum:

- ▶ Áttaðu þig á gildi þess að koma rannsóknarniðurstöðum þínum á framfæri í gegnum fjölmiðla.
- ▶ Dragðu fram þær staðreyndir sem skipta máli og gera niðurstöðurnar auðskiljanlegar – láttu blaðamanninn vita af áhuga-verðum upplýsingum!
- ▶ Veltu fyrir þér hvaða niðurstöður gætu vakið áhuga fjölmiðla. Þetta gæti verið eitthvað annað en meginniðurstöður rannsóknarinnar.
- ▶ Myndaðu og ræktaðu góð tengsl við blaðamenn.
- ▶ Ef flókið rannsóknarefni er ekki auðskiljanlegt skaltu snúa þér að þeim hlutum fjölmiðlanna sem fjalla um vísindi, til dæmis dærgurmáláþáttum um vísindi.
- ▶ Leitaðu aðstoðar hjá samskipasviði ef þú hefur aðgang að slíku.
- ▶ Ef þú vilt ekki mæta í viðtal gæti einhver sem hefur ekki mikla þekkingu á viðfangsefninu gert það.



Fyrir og eftir viðtal:

- ▶ Áður en þú ferð í viðtal skaltu leiða hugann að því fyrir hvern niðurstöðurnar skipta máli og hvers vegna.
 - ▶ Vertu til staðar þegar blaðamenn hafa samband við þig, til dæmis þegar fréttatilkynning er send út.
 - ▶ Athugaðu fyrir fram um hvers konar viðtal er að ræða (umræður í beinni útsendingu, viðtal sem er tekið upp, virt dagblað eða æsi-fréttablað).
 - ▶ Forðastu óljósar lýsingar á rannsóknarniðurstöðum og of umfangsmiklar töflur. Orðaðu hlutina á skýran hátt og notaðu skýr hugtök.
 - ▶ Ekki hika við að leggja áherslu á þær niðurstöður sem þú ert viss um.
 - ▶ Taktu skýrt fram ef þú hefur eigin markmið og vilt koma öðru á framfæri en hlutlægum rannsóknarniðurstöðum.
 - ▶ Þorðu að segja „Ég veit það ekki“.
 - ▶ Þú hefur rétt á að fara yfir yfirlýsingar þínar áður en þær eru birtar og að fá birta leiðréttingu síðar ef nauðsyn krefur.
- Munið eftir þessu:**
- ▶ Kynntu þér vinnuaðferðir (fréttaskrif, sjónarhorn o.s.frv.) og siðareglur blaðamanna.
 - ▶ Sýndu því skilning að blaðamenn vinna undir knöppum skilafrestis.
 - ▶ Reyndu að leitast eftir umræðu en ekki einangra þig af ótta við gagnrýni eða misskilning.
 - ▶ Vinnið með blaðamönnum til að lokaniðurstaðan verði sem best.
 - ▶ Ef þú færð tækifæri til þess skaltu sækja fjölmiðlanámskeið fyrir fræðimenn.

ÁBENDINGAR VÍSINDAMANNA TIL BLAÐAMANNA

Þegar þú lest fréttatilkynningu eða annan texta um rannsóknir skaltu hafa eftirfarandi í huga:

- ▶ Hver gerði rannsóknina og í hvaða tilgangi var það?
- ▶ Eru upplýsingarnar ennþá viðeigandi?
- ▶ Hvers konar rannsókn er þetta og hvaða aðferð var notuð?
- ▶ Hvar og hvernig var gögnum safnað?
- ▶ Hvernig er rannsóknarþýðið, hverra nær það til og hve stórt er það?
- ▶ Hver fjármagnaði rannsóknina? Eru hagsmunaárekstrar?
- ▶ Gæti sá sem borgaði fyrir rannsóknina haft áhrif á það hvaða niðurstöður eru birtar?
- ▶ Hversu vönduð er rannsóknin?
- ▶ Hvar birtist rannsóknin?



Þegar þú tekur viðtöl og býrð til fréttæfni:

- ▶ Hlustaðu ekki einungis á þær rad-dir sem hæst heyrast í – hver er sérfræðingurinn?
 - ▶ Berðu virðingu fyrir því að sumir fræðimenn vilja aðeins ræða um rannsóknir sínar en aðrir vilja ein-nig gjarnan viðra skoðanir sínar.
 - ▶ Byggðu umfjöllunina þannig upp að það sé skýrt hvað eru skoðanir og hvað staðreyndir.
 - ▶ Láttu gjarnan fylgja með upplý-singar um rannsóknina sem fjal-lað er um.
 - ▶ Hugsaðu um í hvaða samhengi þú munt nota viðtöl við fólk úti á götu og hvernig þú mótast spur-ningarnar.
 - ▶ Forðist yfirborðslegar staðalí-myndir.
- Munið eftir þessu:**
- ▶ Fræðastarf byggir á langtí-mavinnu og uppsafnaðri þek-kingu – niðurstöður einstakra rannsókna eru ekki alltaf nægjan-legar.
 - ▶ Orðaval hefur mikil áhrif á það hvernig lesandinn skilur/meðte-kur efnið.
 - ▶ Oft er ágreiningur á milli fræði-manna – verið gagnrýnin.
 - ▶ Skoðið einnig verkefni með háleit markmið, til dæmis herferðir gegn vímuefnum
 - ▶ Verið gagnrýnin á fyrirfram-mótaðar hugmyndir um áfengis- og vímuefnaneytendur.
 - ▶ Í flestum tilfellum ætti að líta á áfengis- og vímuefnavanda sem hluta af flóknum félagslegum aðstæðum. Ef þú ert ekki viss um hvort umfjöllun þín nái að fanga allar hliðar málsins skaltu ráðfæra þig við sérfræðing.
 - ▶ Sæktu námskeið um rannsóknaraðferðir sem gætu gefið þér aukna þekkingu.

VAROITUS UUDESTA
HUUMEEESTA:



“40 KERTAA
PAHEMPI
KUIN HEROIINI”

Hugtök tengd rannsóknum

Mikilvægt er að hafa þekkingu á hugtökum sem eru notuð í tengslum við rannsóknarstarf þegar rannsóknarniðurstöður eru notaðar og til að koma í veg fyrir misskilning. Listinn hér að neðan inniheldur nokkur dæmi sem gætu komið að gagni.

Grunnrannsókn: Kerfisbundin og skipuleg leit að nýrri þekkingu.

Hagnýt rannsókn: Að þróa leiðir til að nýta fyrirliggjandi rannsóknir.

Þróunarvinna: Að nota rannsóknarniðurstöður til að bæta verkefni eða aðferðir.

Samantekt: Að lýsa núverandi tengslum, rannsóknum og aðgerðum á tilteknu sviði

Fræðigreinar skulu vera með sniði sem er viðurkennt fyrir fræðirit og þær skulu hafa verið ritrýndar af fræðimönnum. Fræðileg tímarit geta verið flokkuð eftir áhrifastuðli, þ.e. hve margar greinar sem tímaritið hefur birt hefur verið vitnað í. Í vísindum er litið á áhrifastuðul sem vísbendingu um vægi tímarits innan síns sérsviðs og margir fræðimenn líta á áhrifastuðulinn sem vísbendingu um gæði.

Safngreining (meta-analysis) er rannsókn sem fjallar um og greinir uppsafnaða vísindapekkingu á tilteknu sviði og dregur saman niðurstöður.

Megindlegar rannsóknir einkennast oft af lítilli snertingu við hópinn eða þýðið sem rannsakað er. Niðurstöðurnar eru fyrst og fremst byggðar á því að þýðið sem rannsakað er sé nógu stórt og að athuganirnar eigi við um allt þýðið en ekki jaðarhópa. Dæmi um megindleg gögn eru kannanir, óbeinar athuganir og stýrð viðtöl (structured interviews). Rannsóknir sem eru byggðar á skráum á borð við sjúkraskráar eru einnig flokkaðar sem megindlegar.

Eigindlegar rannsóknir rannsaka tiltekinn fjölda einstaklinga og þeim er ætlað að auka skilning á tilteknu efni. Rannsóknirnar eru oft sveigjanlegar og rannsakandinn er oft í beinni snertingu við einstaklinga eða hópa sem rannsakaðir eru. Dæmi um eigindlegt efni eru viðtöl við einstaklinga eða hópa, tilviksrannsóknir og þátttökuathuganir.

Bæði eigindlegar og meginlegar rannsóknir miða að því að auka þekkingu. Óháð aðferðafræði skal umfjöllunin og greiningin vera hlutlæg og röksemdafærslan trúverðug og sanngjörn.

Falskt jafnvægi er það þegar óviðkomandi minnihlutaálit fær jafn mikið pláss í umfjöllun og önnur sjónarmið, til dæmis vel ígrundaðar rannsóknarniðurstöður, í því skyni að halda jafnvægi í fréttaflutningi.

Hagsmunaárekstrar koma upp þegar höfundur hefur tengingu sem gæti haft áhrif á hlutlægni textans. Hagsmunaárekstrar geta verið persónulegir, viðskiptalegir, pólitískir, fræðilegir eða efnahagslegir og geta skapað aðstæður þar sem fagleg dómgreind höfundarins er dregin í efa. Til að forðast slíkar aðstæður er mikilvægt að höfundar geri grein fyrir öllum hagsmunaárekstrum. Á sviði vímuefna er mikil hætta á hagsmunaárekstrum, sérstaklega

vegna fjármögnunaraðila á borð við áfengisiðnaðinn, tóbaksiðnaðinn, lyfjaiðnaðinn og fjölmörg hagsmunasamtök.

Óvönduð útgáfa. Til eru útgefendur sem gefa út tímarit og taka við greiðslu frá höfundum, sem vilja fá greinar sínar birtar, án þess að bjóða þá þjónustu sem viðurkennd fræðirit bjóða upp á. Þekking má útgefendur af þessum toga á því að oft eru birtar ófullnægjandi eða rangar upplýsingar um ritstjóra eða ritstjórn, verð fyrir greinar, stafræna skráningu, lögheimili o.s.frv.



**OMFATTANDE
FORSKNING**

VISAR



◦ DET LÖNAR SIG ATT
DRICKA ALKOHOL

HÖFUNDAR ÞESSA RITS

Jessica Gustafsson, samskiptaráðgjafi hjá Norrænu velferðarstofnuninni í Helsinki. Hún hefur reynslu af fréttamennsku og fjölmiðlastarfi hjá Yle og starfaði sem samskiptafulltrúi hjá félags- og heilbrigðisráðuneytinu í Finnlandi.

Nina Karlsson, verkefnastjóri hjá Norrænu velferðarstofnuninni í Helsinki. Hún vinnur að samræmingu verkefna og rannsókna á Norðurlöndunum um áfengi og önnur vímuefni.

Vinnuhópur

Anna Raninen, deildarstjóri hjá CAN, samtökum um upplýsingagjöf varðandi áfengi og önnur vímuefni, Svíþjóð

Astrid Renland, ritstjóri, Rus & Samfunn, Noregi

Judit Hadnagy, samskiptastjóri Norrænu velferðarstofnunarinnar, Svíþjóð

Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna, Embætti Landlæknis, Íslandi

Simone Sefland Pedersen, verkefnisstjóri, Information, Danmörku

Tuukka Tammi, fræðimaður og ritstjóri, Heilsu- og velferðarstofnunin/Yhteiskuntapolitiikka, Finnlandi

ÞÁTTTAKENDUR Í NORRÆNUM MÁLSTOFUM

Finnland

Esa Väliverronen, prófessor í samskiptafræðum, Háskólinn í Helsinki

Heikki Hiilamo, prófessor í félagsmálastefnu, Háskólinn í Helsinki

Marjatta Montonen, sérfræðingur, Heilsu- og velferðarstofnunin

Päivi Repo, blaðamaður, Helsingin Sanomat

Tuukka Tammi, fræðimaður og ritstjóri, Heilsu- og velferðarstofnunin

Ulla Järvi, forseti samtaka blaðamanna á sviði vísinda

Svíþjóð

Björn Johnson, dósent, Malmö Högskola

Cissi Askwall, aðalritari, Vetenskap & Allmänhet

Mats Ramstedt, dósent, CAN, samtök um upplýsingagjöf um áfengi og önnur vímuefni

Matts Lindqvist, samskiptaráðgjafi, Norræna ráðherranefndin

Miki Agerberg, blaðamaður, Läkartidningen

Noregur

Astrid Renland, ritstjóri, Rus & Samfunn

Knut-Inge Klepp, deildarstjóri, Folkehelseinstituttet

Linn Stalsberg, sjálfstætt starfandi blaðamaður

Ole André Sivertsen, verkefnisstjóri/hugmyndasmiður

Tord Finne Vedøy, rannsakandi, Folkehelseinstituttet

Danmörk

Hanne Fall Nielsen, fréttastjóri, Jyllands-Posten

Helge Kvam, kennari, Fjölmiðla- og blaðamannaskólanum í Danmörku

Lars Iversen, stjórnarmaður, Alkohol & Samfund

Torsten Kolind, lektor, sálfræði- og atferlisfræðideild, Aarhus Universitet

Søren Ørsted Pedersen, fjölmiðlafulltrúi, Rådet for Sikker Trafik

Ísland

Guðrún Hálfðánardóttir, blaðamaður, mbl.is

Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri, Embætti Landlæknis

Ólöf Skaftadóttir, blaðamaður, Fréttablaðið

Jóna Margrét Ólafsdóttir, lektor í félagsráðgjöf, Háskóli Íslands

Ingibjörg Rósa Björnsdóttir, kennari í blaða- og fréttamennsku, Háskóli Íslands

Álandseyjar

Albin Dahlin, ritstjóri, Ålands Radio och TV

Astrid Olhagen, sjálfstætt starfandi blaðamaður

Fredrik Rönnlund, félagsráðgjafi, Ålands landskapsregering

Christer Strand, formaður Ålands Motorförarens Helykterhetsförening r.f.

Åke Mattsson, áður í lögreglunni, stjórnmalamaður

Norræna velferðarstofnunin
+358 (0)20 7410 880
helsingfors@nordicwelfare.org
www.nordicwelfare.org



**Nordens
välfärdscenter**